

Reykjavík 3. september 2019

Ályktun lækna ráðs um biðlista svefnrannsókna

Við Landspítalann hefur um nokkurra ára skeið verið starfrækt svefnrannsóknadeild sem sinnir mælingum vegna gruns um svefntengda sjúkdóma og sinnir meðhöndlun og eftirliti sjúklinga með svefntengdan vanda. Einnig fer fram öflugt vísindastarf á deildinni sem hlotið hefur viðurkenningu alþjóðlega í formi styrkja og birtingu greina.

Svefnvandamál, meðal annars kæfisvefn, geta haft mikil áhrif á heilsufar og lífsgæði. Hægt er að halda einkennum kæfisvefns niðri með notkun svefnöndunartækja. Nú fá um 7000 sjúklingar meðhöndlun með svefnöndunartækjum hérlandis.

Við svefndeildina starfa sérmenntaðir læknar og annað fagfólk enda er um sérhæfða starfsemi að ræða. Því miður hefur mönnun deildarinnar verið ófullnægjandi um nokkurt skeið. Afleiðing þess er að biðtími sjúklinga eftir svefnrannsókn lengist sífellt og stefnir í óefni ef ekkert er að gert.

Lækna ráð hvetur til þess að viðunandi lausn verði fundin á mönnunarvanda svefnrannsóknadeildar til þess að stytta biðlista svefnrannsókna og bæta þjónustu við sjúklinga með svefnvandamál. Landspítalinn hefur áður sýnt að með samstilltu átaki má vinna á biðlistum enda eiga sjúklingar rétt á góðri heilbrigðisþjónustu.

Einnig hvetur lækna ráð Landspítalann til að styðja við vísindastarfsemi svefnrannsóknadeildar enda styrkir öflugt vísindastarf deildarinnar stöðu spítalans sem háskólasjúkrahúss.

f.h. Stjórnar

Ebba Margrét Magnúsdóttir, formaður